

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



, 5. febrúar 2013
UST20130100074/glp

Efni: Aukin framleiðsla á regnbogasilungi (eða laxi) í Dýrafirði - umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 8. janúar 2013 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum í samræmi við 6. grein laga nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í framangreindum lögum.

Með ofangreindu erindi Skipulagsstofnunar barst tilkynningarskýrsla Dýrfisks hf. um fyrirhugaða framleiðsluaukningu á regnbogasilungi (eða laxi) úr 2.000 tonnum í 4.000 tonn með sjókvíaeldi í Dýrafirði.

Starfsemi

Samkvæmt skýrslu Dýrfisks hf. hefur fyrirtækið rekið eldi á regnbogasilungi frá árinu 2008. Félagið rekur seiðaeldisstöð í Norður-Botni í Tálknafirði, sjókvíaeldi í Dýrafirði og vinnslu á sláturfiski á Flateyri í samstafi við systurfélag sitt Arctic Odda ehf. Dýrfiskur hefur nú skv. skýrslunni starfsleyfi fyrir eldi á 2.000 tonnum af regnbogasilungi eða laxi á tveimur svæðum í Dýrafirði, við Haukadalsbót og Gemlufall. Umhverfisstofnun bendir þó á að um er að ræða rekstrarleyfi útgefið af Fiskistofu en Umhverfisstofnun vinnur nú að gerð starfsleyfi s Dýrfisks hf. fyrir 2.000 tonna framleiðslu á regnbogasilungi eða laxi. Dýrfiskur hefur starfsleyfi heilbrigðisnefndar Vestfjarða og hefur haft tímabundna undanþágu ráðherra til aukinnar framleiðslu meðan lokið væri við gerð starfsleyfis fyrir 2.000 tonna framleiðslu.

Áætlað er að slátrað verði nálægt 400 tonnum árið 2012 og 600 tonnum 2013 skv. skýrslu framkvæmdaraðila. Einnig kemur fram að unnið sé að því að fá lífræna vottun á rekstri og afurðum félagsins og er umsóknarferli hafið í samstarfi við vottunarstofuna Tún ehf. Stefnt er að útsetningu á allt að einni milljón silungsseiða á árinu 2013 sem staðið geta undir framleiðslu á 2.000 tonnum sem slátrað verður að stærstum hluta á árinu 2014.

Fram kemur að áhersla verður á eldi á regnbogasilungi og verða hrogn flutt inn frá Danmörku þar sem stofninn hefur verið kynbættur um áratugaskeið og reynslan sýnir að henti vel íslenskum aðstæðum. Verði farið í eldi á laxi verður notast við laxastofn frá Stofnfiski hf.

(Mowi Bolaks) sem notaður hefur verið í eldi hér á landi um 20 ára skeið og hefur hlotið íslenska nafnið Saga.

Sótt er um framleiðsluaukningu á regnbogasilungi (eða laxi) úr 2.000 tonnum í 4.000 tonn.

Aðstæður í Dýrafirði m.t.t. fiskeldis

Í skýrslu Dýrfisks hf. kemur fram að fyrirhuguð eldissvæði teljist góð m.t.t. áhættuþátta sjókvíaeldis, t.d. hvað varðar hitastig, vindálag, ölduhæð og rekis og ísingar. Marglytta er ekki líklega til að valda vandamálum og ekki heldur ofgnótt síldar. Lítil hætta er talin á tjóni vegna sela eða annarra sjávarspendýra. Þörungablómi hefur skv. skýrslunni valdið usla í sjókvíum Dýrfisks hf. en verulega verður dregið úr hættu af völdum þörungum með því að hafa lítinn þéttleika í sjókvíum. Staðsetningar eldisins hafa ekki áhrif á siglingaleiðir í Dýrafirði né aðra starfsemi á svæðinu. Í skýrslunni kemur fram að í mars 2009 voru gerðar rannsóknir á hafstraumum við Haukadalsbót í Dýrafirði á 10 m dýpi en dýpi þar er um 20 m. Niðurstöður sýndu að meðalstraumhraði er um 9 cm/sek. Í júlí 2012 var gerð önnur rannsókn á sjávarstraumum á svæðinu við Mýrarfell en þar var meðalstraumur 5,6 m/sek og mesti straumhraði 23,6 cm/sek. Ekki kemur fram að straummælingar hafi farið fram við Gemlufall sem er innar í firðinum þar sem einnig er fyrirhugað eldi. Fram kemur að Dýrafjörður sé þröskuldsfjörður en ekki sett fram nánari gögn um legu þröskuldans. Ekki kemur fram í skýrslunni hvort dýptarmælingar hafi verið gerðar í firðinum en grófar dýptarlínur eru sýndar á korti af hluta fjarðarins án frekari skýringa.

Fram kemur að botndýralíf í Dýrafirði sé þekkt og þar liggi tvær rannsóknir að baki frá árinu 1984 og 2007 en að báðar þær athuganir hafi verið gerðar innarlega í Dýrafirði. Einnig kemur fram að Dýrfiskur lét framkvæma rannsóknir á botndýralífi á fyrirhugðum eldissvæðum árið 2009 og 2012. Niðurstöður þeirra rannsókna sýndu að botndýralíf er svipað og búast má við í fjörðum á Vestfjörðum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að sett verði fram ítarlegri gögn um strauma og dýpi fjarðarins á fyrirhuguðum eldissvæðum þar sem fjörðurinn er grunnur og auk þess þröskuldsfjörður. Umhverfisstofnun bendir einnig á að þó þéttleiki verði minnkaður í kvíunum þá sé fyrirhugað eldi u.þ.b. tífalt að stærð á við það sem það var þegar þörungablómi olli þar vandræðum.

Umhverfisáhrif

Fram kemur í skýrslu Dýrfisks hf. að helstu umhverfisáhrif eru vegna áhrifa næringar- og úrgangsefna undir kvíunum á botndýralíf og vegna mögulegrar erfðablöndunar á laxi. Um mögulega erfðablöndun á villtum laxi vegna sjókvíaeldis í Dýrafirði var fjallað ítarlega í tengslum við úrskurð Skipulagsstofnunar um matsskyldu fyrirhugaðrar 2.000 tonna framleiðslu Dýrfisks hf. í Dýrafirði árið 2009. Niðurstaða Skipulagsstofnunar og umhverfisráðuneytisins var sú að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Úrskurðurinn var studdur með vísan til auglýsingar landbúnaðarráðherra nr. 460/2004 þar sem eru tilgreind þau svæði sem talið er brýnast að banna laxeldi á og eru Vestfirðir ekki þar á meðal. Umhverfisstofnun telur þó ljóst að nokkur óvissa ríki um áhrif erfðablöndunar á villtan íslenskan lax og telur að með aukinni ræktun í 4.000 tonn af laxi aukist hætta á erfðablöndun enn frekar.

Samkvæmt skýrslu Dýrfisks er ekki reiknað með umtalsverðum umhverfisáhrifum miðað við áætlað eldi á 4.000 tonnum af regnbogasilungi eða laxi og forsendur um úrgangsefni.

Helst er um að ræða staðbundin áhrif beint undir eldiskvíum en þau eru afturkræf þegar svæði fá hvíld milli árganga samkvæmt skýrslunni. Fylgst verður vel með áhrifunum með umhverfissvöktun og kvíaþyrpingar færðar til ef tilefni telst til. Dýrfiskur hf. er þegar með þjónustusamning við NAVE fyrir umhverfissvöktun sem mun verða framhaldið. Fram kemur að samkvæmt stöðlum um lífræna framleiðslu er hámarks þéttleiki lífmassa í kvíum 10 kg/m³. Áhrif annars eldis í firðinum eru óveruleg og helst um að ræða sammögnunaráhrif vegna fráveitu Þingeyrar þar sem íbúafjöldinn er 260 manns.

Sjónræn áhrif af fyrirhugðu eldi verða nokkur skv. skýrslu framkvæmdaáðila þar sem hver kvíaþyrping er á svæði sem nær yfir ca. 450 x 150 m en sjókvíar eru lágreistar og ekki áberandi í umhverfinu samkvæmt skýrslu framkvæmdaraðila.

Fram kemur að nætur sjókvía ná niður á 15 metra dýpi en sjávardýpið á þeim svæðum sem tilgreind eru fyrir eldið er 15-35 m.

Umhverfisstofnun bendir á að í skýrslunni er ekki fjallað um hugsanleg áhrif eldisins á annað lífríki fjarðarins en eins og Orkustofnun bendir á í umsögn um umsókn Dýrfisks hf. um starfsleyfi fyrir 2.000 tonna framleiðslu í Dýrafirði sem nú er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun, ríkir óvissa um hvort þar sé að finna kalkþörungum með hátt verndargildi og um hugsanleg áhrif eldisins á þá og framtíðarmöguleika á nýtingu þeirra. Kalkþörungabotn er talinn hafa mikið verndargildi á alþjóðavettvangi vegna auðugs dýra- og þörungalífs og blettóttar útbreiðslu en ýmsar sjaldgæfar tegundir eiga þar höfuðstöðvar sínar skv. skýrslu sjávarútvegsráðuneytisins frá 2005 um friðun viðkvæmra hafsvæða við Ísland. Kalkþörungur eru viðkvæmir fyrir röskun og lengi að ná sér vegna þess hve hægvaxta þeir eru. Telur Orkustofnun að dýpi þar sem sjókvíar eru eigi af þessum sökum að vera að lágmarki 30 m þar til fyrir liggja rannsóknir á því hvort kalkþörungalög er að finna í Dýrafirði á minna dýpi. Umhverfisstofnun bendir á að ef nota ætti þessa viðmiðun gæti fiskeldi ekki með góðu móti farið fram í Dýrafirði vegna þess hve grunnur hann er. Hafrannsóknastofnunin gerði ekki athugasemd við starfsleyfistillöguna þegar hún var auglýst og telur Umhverfisstofnun að með þeim vörnum og vöktun sem tilgreind eru í starfsleyfi sé hægt að vinna gegn skaðlegum áhrifum á lífríki. Umhverfisstofnun telur hins vegar að við undirbúning enn frekari stækkunar eldisins, í allt að 4000 tonna framleiðslu á ári, sé orðið brýnt að afla gagna um tilvist kalkþörungum í firðinum og möguleg áhrif fiskeldis á þá.

Umhverfisstofnun telur einnig að í skýrslu framkvæmdaraðila hefði mátt fjalla nánar um lífríki Dýrafjarðar og hvort á fyrirhugðum fiskeldissvæðum séu hrygningar- eða uppeldisstöðvar annarra fiskitegunda. Auk þess telur stofnunin að fjalla hefði átt nánar um mögulegar orsakir þörungablómans.

Burðarþol


Í umfjöllun Dýrfisks hf. um burðargetu Dýrafjarðar til fiskeldis er vísað til LENKA aðferðar við mat á burðarþoli og að skv. því sé burðargeta fjarðarins 4.500 tonn. Einnig kemur fram að matið sé varlega áætlað. Umhverfisstofnun tekur ekki undir það sjónarmið. LENKA viðtakamatið er gróft mat á burðarþoli sem byggir á aðstæðum í Norður-Noregi. Matið tekur ekki mið af sérstökum aðstæðum á hverjum stað og þar sem dýpi Dýrafjarðar er lítið og þörungablómi hefur valdið þar vandræðum í fiskeldinu telur stofnunin að í þessu tilfelli sé ekki einvörðungu hægt að styðjast við LENKA matið.


Niðurstaða

Það er mat Umhverfisstofnunar í ljósi ofangreindra forsendna að fyrirhuguð framleiðsla á 4.000 tonnum af regnbogasilungi (eða laxi) í Dýrafirði sé umfangsmikil og kunni að skapa töluvert álag á vistkerfi svæðisins. Stofnunin telur einnig að nokkur óvissa ríki um mögulega erfðablöndun á íslenskum laxi og möguleg áhrif eldisins á kalkþörungum á svæðinu. Þá telur stofnunin að ekki sé hægt að styðjast einvörðungu við mat framkvæmdaraðila á burðarþoli svæðisins, m.a. þar sem dýpi er fremur lítið í firðinum og hann er þröskuldsfjörður. Auk þess sem þörungablómi hefur valdið vandræðum í fiskeldinu. Einnig telur stofnunin að ekki séu settar fram af hálfu framkvæmdaraðila fullnægjandi upplýsingar um strauma og dýpi á fyrirhuguðum eldissvæðum.

Vegna ofangreindra þátta er það því mat stofnunarinnar að líkur séu á að umrædd framkvæmd geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Guðrún Lára Pálmadóttir
Sérfræðingur